

**REGLUGERÐ**

64

9. maí

um bann við dragnótaveiði í Ísafjarðardjúpi og í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 83 22. okt. 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, sbr. lög nr. 2 24. jan. 1951, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

## 1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta til fiskveiða innan landhelgi í Ísafjarðardjúpi og í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu frá Gelti að Straumnesi, á tímabilinu frá 1. júní til 30. nóvember ár hvert.

Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota.

## 2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgisgæzlu, ber að annast um, að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

## 3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í lögum nr. 45 13. júní 1937, sbr. lög nr. 31 7. marz 1951.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 9. maí 1951.*

**Ólafur Thors.**

Gunnl. E. Briem.

**REGLUGERÐ**

65

9. maí

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Bolungavíkarkauptún,  
nr. 96 2. júlí 1941.

## 1. gr.

V. kafli reglugerðarinnar orðist þannig:

## V. KAFLI

Um gjöld til hafnarsjóðs.

## 17. gr.

*Lestagjald.*

Hvert fljótandi far, sem leggst við festar innan takmarkalínu Bolungavíkurhafnar, skal greiða lestagjald. Lestagjald greiðist í hvert skipti, sem skip kemur í höfnina, með þeim undantekningum, er um getur síðar í þessum kafla. Þó skulu eftirtalin skip undanþegin lestagjaldi: Herskip, varðskip, vitaskip, skip, sem leita hafnar vegna illviðris, sjóskaða eða skemmda á skipi og hafa ekki samband við land, skip, sem leita þurfa læknishjálpar eða koma til þess að taka eða skila á land